

Hér eru **helstu upplýsingar** um trygginguna. Þetta eru **ekki tæmandi** upplýsingar, en þú getur kynnt þér trygginguna enn betur með því að lesa skilmála hennar á **vis.is** ásamt frekari upplýsingum um hana.

Hvernig trygging er þetta?

Líftrygging tryggir hag þeirra sem treysta á þig. Þú ákveður líftryggingafjárhæðina og hver rétthafi hennar er, ef þú fellur frá. Engu máli skiptir hvort orsök in er slys eða sjúkdómur. Líftryggingarbætur eru greiddar út í einu lagi og eru þær skattfrjálssar og verðtryggðar.

Það er mikilvægt að líftryggingafjárhæðin endurspegli skuldbindingar þínar á hverjum tíma. Ef breytingar verða á fjárhagsaðstæðum eða fjölskyldustærð kallar það á endurskoðun tryggingarinnar.



Hvað bætir tryggingin?

- ✓ Dánarbætur til rétthafa.
- ✓ Börn frá fæðingu til 18 ára aldurs eru sjálfkrafa líftryggð með líftryggingu foreldris.



Hvað bætir tryggingin ekki?

- ✗ Ef tryggingartaki lætur lífið vegna sjálfsvígs sem á sér stað innan eins árs frá því að tryggingin er tekin.
- ✗ Ef andlát barnsins þíns (þar með talin stjúpbörn, fósturbörn og ættleidd börn), má rekja beint eða óbeint til ástands barnsins, sem þú vissir um eða mátti vita um, fyrir gildistöku líftryggingarinnar.



Eru einhverjar sérstakar takmarkanir?

- ! Líftryggingin fellur niður við andlát.
- ! Ef upplýsingaskylda hefur verið sviksamlega vanrækt, þá ber félagið ekki ábyrgð.
- ! Ef upplýsingaskyldan hefur verið vanrækt í þeim mæli að ekki telst óverulegt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta.



Hvar gildir tryggingin?

- Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum.



Hverjar eru mínar skyldur?

- Að veita þær upplýsingar sem óskað er eftir við gerð váttryggingarsamningsins. Að eiga frumkvæði á að veita okkur upplýsingar um sérstök atvik sem þú veist, eða máttir vita, að hafi verulega þýðingu fyrir matið á áhættu.
- Tilkynna um allar breytingar sem geta haft áhrif á áhættumat okkar, svo sem reykingar eða sérstaka áhættu tengda starfi eða tómstundum. Má þar sérstaklega nefna einka- og svifflug, svifdrekaflug, fjallaklifur, köfun og akstursiþróttir. Einnig ber að tilkynna ef ferðast er til landa þar sem stríð geisar.
- Mikilvægt er að kynna sér skilmála tryggingarinnar.



Hvernig greiði ég fyrir trygginguna?

- Við bjóðum upp á ýmsa valmöguleika, til dæmis er hægt að dreifa greiðslum á 12 mánuði.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

- Tryggingin gildir frá þeim degi þegar við höfum móttengið fullbúna umsókn um líftryggingu, að því tilskyldu að heilsa umsækjanda standist áhættumat okkar. Líftryggingin endurnýjast árlega, þó ekki lengur en til sjötíu ára aldurs.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Það er hægt að segja tryggingunni upp hvenær sem er með skriflegri uppsögn.